

# Uppruni raforku

## Sértæk yfirlýsing fyrir árið 2017 Gildir fyrir almenna notendur

Raforkusali: Orka náttúrunnar ohf.  
Heimilisfang: Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sími: 591 2700  
Heimasíða: www.on.is

### 1. Inngangur

Skjal þetta sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum hennar. Niðurstöðurnar byggja á gögnum um raforkuframléiðslu á Íslandi og viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með vísan í reglugerð nr. 757/2012. Fyrirtæki sem afskrá upprunaábyrgðir eiga að birta sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun samþykkir. Önnur fyrirtæki sem selja upprunaábyrgðir en afskrá engar nægir að gefa út staðlaða yfirlýsingu.

### 2. Innleiðing

Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Söluþyriræki sem ekki selja upprunaábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu.

### 3. Stöðluð yfirlýsing

Nánari upplýsingar um staðlaða yfirlýsingu, ásamt framléiðslu á raforku á Íslandi má sjá á vefsíðu Orkustofnunar:

<http://www.os.is/yfirflokkur/raforkunotandinn/uppruni-raforku/>

### 4. Nánar um sértæka yfirlýsingu

Söluþyriræki raforku hefur heimild til að kaupa upprunaábyrgðir og afskrá þær í eigin þágu. Með því eykst vægi á uppruna raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum hætti. Sértæka yfirlýsingin sýnir hlutfall af afskráðri raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum hætti, eða það magn af raforku sem upprunaábyrgðir hafa verið gefnar út fyrir, í hlutfalli við heildarsölu þyrirækisins. Fyrirtæki sem kaupir upprunaábyrgðir og afskráir sama magn

og það framleiddir sýnir þannig uppruna raforku sem er 100% endurnýjanleg. Nánar er kveðið á um sértæka yfirlýsingu í 9. og 10. gr. framangreindrar reglugerðar.

### 5. Skipting endurnýjanlegrar orku

Til að hafa heimild til að gefa út sértæka yfirlýsingu þarf viðkomandi söluþyriræki raforku að afskrá jafnt eða meira magn af upprunaábyrgðum og er það mælt í MWh.

Orkustofnun staðfestir að afskráning sé jafnt eða meiri en raforkusala þyrirækisins fyrir árið 2017.

### 6. Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðtalin við útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddrar með vatnsorku eða jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku með jarðefnaeldsneyti er aðeins 0,01% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg í íslenskrum raforkuframléiðslu. Losun koldíoxíðs og geislavirks úrgangs er því eingöngu sett fram vegna uppruna raforku, að teknu tillit til seldrar upprunaábyrgða.

#### Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, út frá uppruna.

Koldíoxíð	477,12	g/kWh
Geislavirkur úrgangur	0,87	mg/kWh

Kökurit til vinstri sýnir sértæka yfirlýsingu og þann hluta á milli keyþra upprunaábyrgða og þann hluta sem kemur frá almennri yfirlýsingu. Samkvæmt sértækri yfirlýsingu er uppruni raforku hjá Orku náttúrunnar 100% endurnýjanleg raforka. Stöðluð yfirlýsing er til hægri og gildir fyrir söluþyriræki raforku sem ekki afskrá upprunaábyrgðir. Yfirlýsingin gildir eingöngu fyrir almenna notendur en ekki stórnotendur.

